

Nr. 119 / 11 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10

Skipverji slasast á hendi

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. september 2011 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Halamiðum. Veður: NA 10-15 m/s.

Þegar skipverjar voru að láta trollið fara reyndist gamall vír vera flæktur í það og á meðan verið var að losa hann úr netinu hékk hann bundinn með kordelahnút (slings) í aftur gilsinum. Skipverji skar á tógið og hélt um gilsinn með vinstri hendi en þegar það slitnaði hrökk hnífurinn til með þeim afleiðingum að skipverjinn skarst illa á þumli. Þar sem ekki tókst að búa nægjanlega vel um sárið var ákveðið, í samráði við lækni, að sigla með slasaða til Bolungarvíkur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.